



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 17.11 2020
Tilvísun: 202011-0042.

Efni: Mál nr. 300. mál. Frumvarp um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006 (tekjutengdar bætur).

Varðandi 2.gr. frumvarpsins, þá telur ASÍ að miða eigi við aðra og fyrri dagsetningu en 1. júní 2020. Í kjölfar falls WOW air tók atvinnuleysi á Suðurnesjum þegar að vaxa auk þess sem fyrirtæki í ferðaþjónustu hófu að draga saman starfsemi sína með þeim afleiðingum að starfsfólk þeirra varð atvinnulaust, þ.m.t. leiðsögumenn. Upphaf COVID keppunnar skall síðan á með miklum þunga í mars 2020 með tilheyrandi afleiðingum fyrir starfsmenn í ferðaþjónustu og þá sem afkomu sína höfðu hjá rekstaraðilum á Keflavíkurflugvelli. Stærstur hluti þeirra kom af Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi er nú það mesta sem mælist á landinu. Fullyrða má að mjög stór hópur launafólks sem missti vinnu þegar á árinu 2019 hafi ekki haft nein tækifæri til að afla sér vinnu og tæmdi því rétt sinn til tekjutengdra bóta vel fyrir 1. júní 2020. Margt þeirra eru því í þeirri stöðu að missa rétt til tekjutengdra atvinnuleysisbóta á grundvelli þeirrar lagabreytingar sem lögð er til, verði miðað við 1. júní 2020. ASÍ skorar á stjórnvöld að koma til móts við þennan hóp með viðeigandi breytingum 2.gr. frumvarpsins.

Í ljósi þeirrar óvissu sem enn er um þróun COVID 19 faraldursins, telur Alþýðusamband Íslands eðlilegt, að í stað þess að ákvæði ákvæðis til bráðabirgða XVI verði framlengt til 31. desember 2020 verði því framlengt til loka febrúar 2021.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.

Alþýðusamband Íslands

Setúni 1 • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is

Velferðarnefnd
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember 2020

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar 54/2006 (tekjutengdar bætur). 151. löggjafarþing 2020-2021, 300. mál.

Varðandi 2. gr. frumvarpsins er Bandalag háskólamanna (BHM) hlynnt því að viðmiðunartímabil tekjutengdra atvinnuleysisbóta sé útvíkkað og nái þannig til fleiri einstaklinga en áður. Það hefur sætt gagnrýni hversu skörp skilin voru og að einstaklingar sem höfðu lítinn eða engan rétt til launa í uppsagnarfresti og komu því snemma inn í atvinnuleysistryggingakerfið urðu af réttinum til fleiri mánaða á tekjutengdum atvinnuleysisbótum.

BHM tekur þó undir það sem fram kemur í umsögn ASÍ og telur að vert sé að huga að því hvort ekki sé rík ástæða til að, í stað þess að miða við 1. júní 2020 verði viðmiðunardagsetningin til dæmis síðastliðin áramót 2019-2020.

Fyrir hönd BHM,



Andri Valur Ívarsson
lögmaður

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember 2020

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006 (tekjutengdar bætur), 300. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar ofangreint frumvarp þar sem lagt er til að bráðabirgðaákvæði XVIII í lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006 verði breytt svo heimilt verði að greiða þeim sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins tekjutengdar atvinnuleysisbætur í allt að sex mánuði, hafi þeir ekki þegar nýtt sér rétt sinn til tekjutengdra atvinnuleysisbóta á yfirstandandi bótatímabili fyrir 1. júní 2020.

Í september sl. voru samþykkt á Alþingi lög um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (frekari aðgerðir vegna vinnumarkaðar), nr. 112/2020. Hluti af þeim aðgerðum var að lengja tekjutengdar atvinnuleysisbætur tímabundið úr allt að þremur mánuðum í allt að sex mánuði. Í lögnum var gert ráð fyrir að lengingin tæki til þeirra sem nýttu rétt sinn til tekjutengdra bóta þegar lögin tóku gildi í september 2020, sem og þeirra sem koma inn í kerfið eftir þann tíma á nýju bótatímabili. Samkvæmt lögnum náði lengingin því ekki yfir þá sem voru búnir að nýta rétt sinn til tekjutengdra atvinnuleysisbóta á yfirstandandi bótatímabili fyrir september 2020.

Með frumvarpinu er lagt til að þessu verði breytt með þeim hætti að miðað verði við þá einstaklinga sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins og ekki voru búnir að nýta rétt sinn til tekjutengdra atvinnuleysisbóta fyrir 1. júní 2020, í stað þess að miða úrræðið við þá sem nýttu rétt sinn til tekjutengdra bóta þegar fyrrnefnd lög tóku gildi í september sem og þá sem koma inn í kerfið eftir þann tíma á nýju bótatímabili. Þessi breyting veldur því að lenging tekjutengdra atvinnuleysisbóta mun nýtast fleiri einstaklingum og þar með fleiri fjölskyldum, enda var atvinnuleysi orðið töluvert mikið fyrir 1. september á þessu ári.

BSRB fagnar því vissulega að framangreint tímamark sem lenging tekjutengdra atvinnuleysisbóta nær yfir verði fært fram, svo úrræðið nýtist fleiri einstaklingum á atvinnuleysisskrá. Þó telur BSRB ákveðið ójafnræði falið í því að miða úrræðið við tiltekna dagsetningu og leggur því til að sex mánaða tekjutenging muni ná til allra þeirra sem voru á atvinnuleysisbótaskrá þegar úrræðið tók gildi og þeirra er koma inn í kerfið eftir þann tíma á nýju bótatímabili. Í því felst jafnræði, enda standa þeir einstaklingar sem nú eru án atvinnu frammi fyrir fordæmalausri kreppu sem veldur því að virkilega erfitt ef ekki nær ómögulegt er

að útvega sér atvinnu. Í því sambandi skiptir í raun ekki máli hvort viðkomandi missti atvinnu sína vegna COVID-19 heimsfaraldursins eða áður en hann kom til, og því er eðlilegt að allir þessir aðilar sitji við sama borð þegar kemur að lengd tímabils tekjutengdra atvinnuleysisbóta að mati BSRB.

Með vísan til framangreinds leggur BSRB því til að sex mánaða tekjutenging atvinnuleysisbóta nái til allra þeirra sem voru á atvinnuleysisbótaskrá hinn 1. september sl. og þeirra er koma inn í kerfið eftir þann tíma á nýju bótatímabili.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in blue ink, which appears to read "Hrannar Már Gunnarsson".

Hrannar Már Gunnarsson
lögfræðingur

Félagsmálaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Velferðarnefnd Alþingis**
Sendandi: **Félags- og barnamálaráðherra**
Dagsetning: **02.12.2020**
Málsnúmer: **FRN20110310**
Bréfalykill: **02.14.01**

Efni: Áhrifamat vegna breytinga á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysisstryggingar, nr. 54/2006 (tekjutengdar bætur)

Í ljósi framhalds af aðgerðum stjórnvalda til að skapa viðspyrnu við áhrifum heimsfaraldurs kórónuveirunnar, *Viðspyrna fyrir Ísland*, sem kynnt var þann 20. nóvember sl., hefur félags- og barnamálaráðherra óskað eftir að velferðarnefnd geri eftirfarandi breytingar á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysisstryggingar, nr. 54/2006 (tekjutengdar bætur), sem ráðherra mælti fyrir á Alþingi 17. nóvember sl. og er nú til meðferðar hjá velferðarnefnd.

6% af grunnatvinnuleysisbótum með hverju barni:

Í samræmi við framangreindar aðgerðir stjórnvalda er óskað eftir að í stað dagsetningarinnar 31. desember 2020 í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XV í lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysisstryggingar, með síðari breytingum, komi 31. desember 2021. Jafnframt er bent á mikilvægi þess að kveðið verði skýrt á um að ákvæðið gildi til og með 31. desember 2021.

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun fær að meðaltali um þriðjungur atvinnuleitenda sérstaka greiðslu vegna framfærsluskyldu gagnvart börnum yngri en 18 ára, sbr. 34. gr. laganna. Áætlað stofnunin að þessar greiðslur muni nema um 2.300 milljónum á árinu 2021 og miðar sú áætlun við að atvinnuleysi verði að jafnaði 10,55% á árinu og að um 7.500 atvinnuleitendur að meðaltali fái umræddar geiðslur sem nemi 6% af grunnatvinnuleysisbótum. Ef áfram yrði miðað við 4% af grunnatvinnuleysisbótum gerir Vinnumálastofnun ráð fyrir að kostnaðurinn verði um 1.600 milljónir á árinu 2021.

Atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli:

Í samræmi við framangreindar aðgerðir stjórnvalda er óskað eftir að í stað dagsetningarinnar 31. desember 2020 í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XVI í lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysisstryggingar, með síðari breytingum, komi 31. maí 2021.

Í tengslum við framangreinda breytingu varðandi atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli er jafnframt óskað eftir að sambærilegum dagsetningum í 9., 10. og 11. mgr. ákvæðisins verði breytt til samræmis. Í því sambandi er bent á að í frumvarpinu er nú þegar gert ráð fyrir að umræddum dagsetningum verði breytt til samræmis við núverandi gildistíma úrræðisins, sbr. 1. mgr. ákvæðisins, en mikilvægt er að allar þessar dagsetningar verði þær sömu (til og með 31. maí 2021).

Þá er óskað eftir að í stað dagsetningarinnar 1. janúar 2021 í 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III í lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, með síðari breytingum komi 1. júní 2021 en mikilvægt er að ákvæði þetta hafi sama gildistíma og úrræðið um atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli. Bent er á að í ákvæðinu er kveðið á um að ákvæðið falli úr gildi 1. janúar 2021 og því er mikilvægt að í stað þeirrar dagsetningar komi 1. júní 2021 þannig að ákvæðið hafi sama gildistíma og úrræðið um atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli í lögum um atvinnuleysisstryggingar.

Vinnumálastofnun áætlar að kostnaður við framlengingu úrræðisins um atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli verði um 1.200 milljónir á mánuði, miðað við að fjöldi umsækjenda verði um 5.000 einstaklingar í hverjum mánuði, eða um 6.000 milljónir á tímabilinu 1. janúar 2021 til og með 30. maí 2021. Byggir sú áætlun á raungögnum stofnunarinnar. Í október voru rúmlega 5.000 einstaklingar sem nýttu sér úrræðið og greiðslur til hópsins námu í heildina um 1.203 milljónum líkt og áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Ljóst þykir að útgjöld munu sveiflast eftir fjölda umsækjenda í hverjum mánuði auk þess sem fyrirhuguð hækkun grunntvinnuleysisbóta frá og með 1. janúar 2021 kemur til með að hafa áhrif til hækkunar á útgjöldum.



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 25. nóvember 2020

2011052SA KB/vrb
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, mál nr. 300.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis dags. 19. nóvember sl. þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006 (tekjutengdar bætur), mál nr. 300.


Ábendingar sambandsins

Að mati sambandsins eru breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu jákvæðar. Hins vegar telur sambandið ástæðu til að nefndin taki afstöðu til þess hvort ekki þurfi að ganga lengra og gera frekari breytingar á lögnum til að bregðast við auknu atvinnuleysi og erfiðri fjárhagsstöðu sveitarfélaganna.

Eins og sambandið benti á í umsögn sinni um frumvarp til fjárlaga 2021 og fjármálaáætlun 2021-2025 spáir Hagstofan að atvinnuleysi í heild verði 7,8% í ár og 6,8% á því næsta. Atvinnuleysi er mjög misjafnt eftir hópum og landshlutum. Þannig er það meira meðal kvenna en karla og meira meðal yngra fólks. Sláandi er hversu mikið atvinnuleysi er meðal erlendra ríkisborgara, en Vinnumálastofnun áætlar að það verði 17% í ár og 23% á því næsta. Vinnumarkaðsaðgerðum er ætlað að ná til þeirra hópa sem höllum fæti standa á vinnumarkaði, á meðan almenn eftirspurnarstjórn er fremur til þess fallin að auka atvinnu almennt.

Fjárhagsaðstoð

Náin tengsl eru á milli atvinnuleysis og fjárhagsaðstoðar. Atvinnuleysi jókst strax í kjölfar hrunsins, náði hámarki árið 2009 og gekk síðan hægt niður ár fyrir ár. Það var ekki fyrr en 8 árum eftir hrun að atvinnuleysi hafði lækkað niður í það sem var fyrir hrun. Meðfylgjandi myndir fylgdu einnig umsögn sambandsins um frumvarp til fjárlaga 2021 og fjármálaáætlun 2021-2025 en þar er spáð atvinnuleysi árána 2019-2026 borið saman við atvinnuleysi 2008-2015.



Mynd 3: Fjárhagsaðstoð og atvinnuleysi 2003-2021.

Mynd 4: Atvinnuleysi í tveimur kreppum.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga jókst hægar en atvinnuleysi á fyrstu árum eftir hrun og náði hámarki árið 2014 eða 6 árum eftir hrun. Ef þetta mynstur endurtekur sig má ætla að fjárhagsaðstoð vaxi á næstu árum og nái hámarki árið 2025. Tengsl eru á milli lengdar atvinnuleysisbótatímabils og útgjalda sveitarfélaga vegna fjárhagsaðstoðar, þar sem umtalverður hluti þeirra sem detta út af atvinnuleysisbótum leitar til þess öryggisnets sem felst í fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Atvinnuleysi hefur einnig mikil áhrif á tekjur sveitarfélaga vegna lægri útsvarstekna og tekjutengingar við félagsleg úrræði af ýmsum toga. Félagsleg vandamál tengd langtímaatvinnuleysi auka einnig útgjöld sveitarfélaga, m.a. á sviði barnaverndar.

Hámarkslengd atvinnuleysisbóta er nú 30 mánuðir en var lengst 60 mánuðir fyrir efnahagshrunið 2008. Með vísan til framangreinds og þess að fjárhagsstaða sveitarfélaga er erfið vegna afleiðinga Covid-19 leggur sambandið til að hámarkslengd atvinnuleysisbóta verði 60 mánuðir. Þannig sé bæði komið til móts við atvinnuleitendur og sveitarfélög í erfiðu efnahagsástandi. Ef ekki reynist vera vilji til þess að lengja tímabil atvinnuleysisbóta getur einnig komið til skoðunar gagnvart sveitarfélögum að taka upp millifærslur til sveitarfélaga til að bæta þeim útgjöld vegna aukinnar fjárhagsaðstoðar. Slík aðgerð myndi ótvírætt hraða því að sveitarfélögin geti aðlagð rekstur sinn og skuldastöðu að fjármálareglum sveitarstjórnarlaga. Þessum reglum hefur nú tímabundið verið vikið til hliðar á sama hátt og fjármálareglum ríkisins.

Óháð því hvor framangreindra leiða kann að verða fyrir valinu af löggjafans hálfu þarf jafnframt að leggja áherslu á markvissar vinnumarkaðsaðgerðir á næstu misserum, þar sem sérstaklega þarf að styðja við erlenda ríkisborgara, með áherslu á að efla íslenskukunnáttu og auðvelda þeim að afla sér starfsréttinda.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



Stúdentaráð Háskóla Íslands

151. löggjafarþing 2020-2021
Þingskjal 335 - 300. mál

25. nóvember 2020

Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006 (tekjutengdar bætur)

Frá upphafi kórónuveirufaraldursins hafa stúdentar verið skýrir í kröfum sínum um að ráðast skuli í aðgerðir til að mæta erfiðri stöðu stúdenta á atvinnumarkaði og að tekið sé tillit til stúdentahópsins í heild sinni. Atvinnuleysisbótakrafa Stúdentaráðs Háskóla Íslands í námshléum stendur og sömuleiðis ákall ráðsins eftir sanngjarnari viðbrögðum hjá Menntasjóði námsmanna, sökum ástandsins, sem og brúun bilsins milli atvinnuleysistryggingakerfisins og námslánakerfisins.

Aðgerðir sem ráðist er í til að mæta efnahagslegum áhrifum kórónuveirufaraldursins verða að taka mið af stúdentum og ólíkum aðstæðum þeirra. Hingað til hefur einungis verið gripið til skammtímalausna á borð við sumarstörf og sumarnám ásamt öðrum úrræðum sem taka ekkert tillit til núverandi stúdenta. Má þar nefna annars vegar [Nám er tækifæri](#) sem veitir fólki af atvinnumarkaði kost á að sækja sér nám samhliða atvinnuleysisbótum og hins vegar hlutabótaleiðin sem greip stúdenta í rúma tvo mánuði áður en viðmiðunar starfshlutfallið var hækkað að nýju, öfugt við þarfir stúdenta. Þannig hefur ítrekað verið horft framhá stúdentum í faraldrinum á sama tíma og unnið er hörðum höndum við að mæta efnahagslegum áhrifum hans á öðrum sviðum samfélagsins.

Athugasemdir vegna greinagerðar

Í inngangi greinagerðar er tekið fram að heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar sé í undirbúningi og að hún muni fara fram í samvinnu við aðila atvinnumarkaðarins. **Stúdentaráð óskar eftir því að endurskoðunin verði einnig unnin í samvinnu við stúdenta og telur að hér sé skýrt tilefni til að taka kröfur stúdenta til umræðu.**

Samkvæmt greinagerðinni er tilefni frumvarpsins að draga úr tjóni vegna faraldursins með það að markmiði að neikvæðu áhrif hans á atvinnulíf, efnahagslíf og samfélagið í heild sinni séu sem minnst. Þá er verið að leggja fram breytingar til þess að tryggja að hópur fólks geti nýtt sér til fulls það öryggisnet sem stendur þeim til boða, þ.e.a.s. framlengdur réttur til tekjutengdra atvinnuleysisbóta vegna vinnutaps, sökum samdráttar á vinnumarkaði. Hér má sjá að það er mögulegt að ráðast í breytingar til að lágmarka fjárhagslega erfiðleika einstaklinga. Við óskum eftir því að stúdentum sé einnig veittur réttur til fjárhagslegs stuðningsnets, annað en Menntasjóðinn, og að þeirra stöðu sem námsfólk sé sýndur skilningur.

Atvinnuleysi meðal stúdenta

Fyrstu tölur úr sjöundu umferð alþjóðlegu [EUROSTUDENT VII](#) könnunarinnar sýna að 72% íslenskra stúdenta vinna til að sjá fyrir sér og er það [3% aukning](#) frá því að könnunin var lögð

fyrir síðast 2016-2018. Má þess einnig geta að íslenskir stúdentar skora hér hæst af þeim 26 þjóðum sem tóku þátt. Fyrstu tölur sýna jafnframt að 31% íslenskra stúdenta eiga í fjárhagslegum erfiðleikum og 25% telja að vinnan hafi áhrif á frammistöðu þeirra í námi. Hér er vert að nefna að könnunin var lögð fyrir vorið 2019, fyrir kórónuveirufaraldurinn og því má draga þá ályktun að staða stúdenta sé verri nú um stundir. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur til viðbótar greint frá því að ungu fólki, á aldrinum 18-24 ára, fari fækkandi á leigumarkaði sem megi rekja til faraldursins en hlutfall þeirra sem búa í foreldrahúsum hefur aukist gríðarlega, eða úr [42% í 70%](#) frá því í lok seinasta árs. Það er jafnframt bent á að atvinnuleysi meðal þess aldurshóps hefur rúmlega tvöfaldast og fjöldi starfandi einstaklinga dregist saman um 14.5%. Samkvæmt nýjustu atvinnuleysistöllum Vinnumálastofnunnar eru rúm [46% atvinnulausra ungt fólk](#), á aldrinum 18-34 ára og því er [spáð að atvinnuleysi aukist](#) á næstu mánuðum vegna aukins samdráttar á vinnumarkaði. Stúdentar eru vel að merkja ekki allir meðtaldir í þessum tölum enda eru þeir ekki á atvinnuleysisráði þar sem þeir eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum.

Það er ljóst að við stöndum á krossgötum. Störf eru af skorum skammti og atvinnuleysi fer hækkanði. Þau störf sem stúdentar leita tíðast í meðfram námi, í t.d. ferðaþjónustunni og veitingageiranum, eru ekki lengur til staðar. Leita þarf lausna strax við þessu viðvarandi vandamáli með markvissum aðgerðum þannig að þær nái til allra stúdenta, sem hafa verið í námi og þau sem eru að koma í nám. Hafa verður að markmiði að sporna gegn atvinnuleysi þeirra **til lengri tíma**, með því að t.d. brúa bilið á milli atvinnuleysistryggingakerfisins og námslánakerfisins og veita stúdentum að nýju rétt til atvinnuleysisbóta.

Gjá milli kerfa

Stúdent er ekki heimilt að vera í meira en [12 einingum](#) samhliða vinnu til þess að eiga rétt á atvinnuleysisbótum missi hann vinnuna. Í staðinn á námslánakerfið að vera bakland stúdenta. Hins vegar verður stúdent að standa [22 einingar](#) til að geta fengið greidd námslán hjá Menntasjóði námsmanna. Það skiptir engu máli hvort stúdent sé í námi og hlutastarfi eða í 100% vinnu, jafnvel til margra ára, og námi með, því stúdent sem missir vinnuna hefur engan rétt á fjárhagsaðstoð úr atvinnuleysistryggingakerfinu aðeins vegna þess að hann stundar nám.

Vert er að taka fram að einingaviðmiðið hjá Vinnumálastofnun hefur nýlega verið hækkað úr 10 í 12 með [lögum nr. 112/220 um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru \(frekari aðgerðir vegna vinnumarkaðar\)](#). Stúdentaráð gagnrýndi hins vegar ófullnægjandi hækkun í [umsögn sinni vegna frumvarpsdraga](#) enda gagnast hún ekki stúdentum sem stunda fullt nám og vinna samhliða. Þarna var tækifæri til þess að brúa bilið milli kerfana með almennilegum hætti og stuðla að fjárhagsöryggi stúdenta, en það var ekki gripið. Stúdentaráð hefur einnig [ítrekað gagnrýnt](#) tilhögun grunnframfærslu framfærslulána hjá Menntasjóðnum og þá staðreynd að grunnframfærslan var ekki hækkuð í sumar með samþykktum [úthlutunarreglum fyrir skólaárið 2020-2021](#), þó tilefni væri til. Stúdentum er þannig refsað með lágri framfærslu sem gerir það að verkum að



Stúdentaráð Háskóla Íslands

margir þeirra verði að vinna og í ofanálag eiga þeir í hættu á að námslánin skerðist þeni þeir umfram frítekjumarkið.

Það er auðséð að valmöguleikar stúdenta eru afskaplega fáir og á tímum sem þessum eru þeir raunar engir. Margir falla milli kerfa og til þess að komast upp úr gjánni verða þau að sæta ströngum skilyrðum, og í samræmi við það annars vegar minnka við sig í námi til að eiga rétt á fjárhagslegri aðstoð og hins vegar bæta við sig til að geta sótt um lán. Hvoru tveggja eykur álagið svo um munar og má því segja að áhyggjur stúdenta séu ekki óþarfar.

Atvinnuleysisbótakrafa

Stúdentar hafa kallað eftir því að þeim sé veittur réttur til atvinnuleysisbóta, réttur sem tekinn var af þeim 1. janúar 2010, með [lögum nr. 134/2009 um breytingu á lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar og lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof með síðari breytingum](#). Atvinnuleysisbótakrafa Stúdentaráðs snýst um að allir stúdentar sem þurfa að sækja sér fjárhagsaðstoðar, sökum atvinnuleysis, hafi kost á því til jafns við aðra vinnandi landsmenn. Samkvæmt [3. gr. laga um tryggingagjald nr. 113/1990](#) renna tekjur ríkisins af atvinnuþryggingagjaldi, sem greitt er af launum starfsfólks, til Atvinnuleysistryggingasjóðs og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga. Í dag er gjaldið 1,35% af launum alls vinnandi fólks og þar á meðal stúdenta. Ef snúið yrði aftur til kerfisins sem var til staðar til ársins 2010 myndu vinnandi stúdentar geta sótt sér þann rétt sem þeir hafa áunnið sér með greiðslu atvinnuþryggingagjalds af launum þeirra. Það er réttmæt og sjálfsögð krafa.

Stúdentaráði þykir viðmótið sem stúdentar hafa fengið í gegnum faraldurinn mikil vonbrigði og furðar sig á því að ekki sé útlit fyrir að stjórnvöld bregðist við með sanngjörnum hætti. Stjórnvöld leggja mikla áherslu á að menntun sé leiðin út úr kreppunni og boða vegna þessa til aðgerða sem hvetur og styður fólk í að snúa aftur í menntastofnanir í nám. Með þessu móti hafa hins vegar núverandi stúdentar gleymst. Það sem meira er, þá eru engar langtímalausnir boðaðar fyrir núverandi stúdenta, verðandi stúdenta og útskrifað námsfólk, og þar með engar ráðstafanir skyldu aðstæður á vinnumarkaðinum endurtaka sig af sömu eða öðrum ástæðum.

Það hefur gengið alltof lengi að stúdentar búi við lakari kjör en aðrir þjóðfélagshópar og er nú kominn tími á að fylla upp í þá gjá og styðja stúdenta í verki.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Isabel Alejandra Díaz

Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands